



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Tillaga um samning við Söngskóla Sigurðar Demetz***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. apríl 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. apríl 2020:

Lagt er til að gerður verði samningur vegna vorannar 2020 við Söngskóla Sigurðar Demetz í samræmi við neðangreindar upplýsingar um tímamagn og upphæðir. Þetta er gert í ljósi áherslna á aukna fjölbreytni námstilboða á sviði tónlistar og aukið aðgengi ungmenna að slíku námi þegar þau eru komin á unglingsaldur. Samningur kveði á um 168 stundir vegna tímabilsins 1. janúar 2020 til 31. júlí 2020. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að ganga frá samningnum. Viðbótarframlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans vegna þessa nemur 2.167.865 kr. vorið 2020 og rúmast innan fjárheimilda sviðsins vegna tónlistarnáms.

Greinargerð fylgdi.

Tillaga sviðsstjóra var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að bjóða sem flestum börnum upp á aðgang að tónlistar- og söngnámi, en rannsóknir hafa sýnt að slíkt nám hefur töluverð jákvæð áhrif á þá sem það stunda. Hér er á ferðinni skemmtileg nýbreytni og gleðilegt að sjá aukna fjölbreytni sem unglingum stendur til boða í tónlistar- og söngnámi.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Minnisblað sviðsstjóra ásamt greinargerð, dags. 24. apríl 2020



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla – og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga varðandi samningur við Söngskóla Sigurðar Demetz vegna aukinna tilboða til barna og ungmenna á sviði söngnáms og leiklistar vegna vorannar 2020 – alls 2.167.865 kr.***

Lagt er til að gerður verði a samningur vegna vorannar 2020 við Söngskóla Sigurðar Demetz í samræmi við neðnagreindar upplýsingar um tímamagn og upphæðir. Þetta er gert í ljósi áherslna á aukna fjölbreytni námstilboða á sviði tónlistar og aukið aðgengi ungmenna að slíku námi þegar þau eru komin á unglingsaldur. Samningur kveði á um 168 stundir vegna tímabilsins 1. janúar 2020 til 31. júlí 2020. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að ganga frá samningnum. Viðbótarframlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans vegna þessa nemur 2.167.865 kr. vorið 2020 og rúmast innan fjárheimilda sviðsins vegna tónlistarnáms.

### **Greinargerð**

Söngskóli Sigurðar Demetz hefur á síðustu misserum lagt síaukna áherslu á ný tilboð á sviði söngs og leiklistar fyrir börn og ungmenni og hafa á þriðja tug nemenda stundað þetta nám hverju sinni í skólanum síðan haustið 2018. Verkefnið eykur fjölbreytni tilboða til unglinga í Reykjavík á sviði tónlistarnáms.

Mikið er unnið í hópum og börnin upplifa mikla sjálfseflingu og stuðning í fjölbreyttri tónlistarvinnu með áherslu á einsöng, samsöng og leikræna tjáningu. Barnadeildin gefur börnunum á aldrinum 8-12 ára tækifæri til að syngja og er farið í raddæfingar auk þess sem unnið er með sérstök lög. Ljóð eru lesin upp, samín og unnið með hrynn, rappað smávægilega með eigin texta, málað með vatnslitum og unnið í leiklist, m.a. með spuna. Einnig er dansað og hlustað á sígilda tónlist og nemendurnir deila tónlistarþekkingu sinni. Á námskeiðinu er lagt upp úr fjölbreytni og að nemendur fái allir að láta ljós sitt skína.

Í unglíngadeild Söngskóla Sigurðar Demetz vinnur söngkennari með söngnemendum í söngtækni og fjölbreyttu verkefnavali. Nemendur fá tækifæri til að syngja lög úr söngleikjum og teiknimyndum og þeir sem kjósa fá sígildari verkefni. Í hóptímum er unnið með píanóleikara og þá er unnið í túlkun og tjáningu og þegar líður á veturinn er unnið í leiklist.

Á næstunni verður lögð fram tillaga um áframhald á þessu verkefni fyrir skólaárið 2020-2021.

